

Fjarðabyggð
Hafnargötu 2
730 Reyðarfjörður

Reykjavík, 4.4.2023
UST202211-199/G.S.O.
08.14.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 14. desember 2022 þar sem fram kom að frávík hefði verið skráð í eftirliti á urðunarstað Fjarðabyggðar á Heydalamelum þann 22. nóvember 2022. Þann 9. janúar 2023 barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Eitt frávík kom fram í eftirlitinu er varðar:

1. Gr. 1.7 í fyrirmælum um frágang og vöktun. Niðurstöður skráninga sem átti að skila fyrir 1. maí 2022, hafa ekki borist eftirlitsaðila. **Umhverfisstofnun metur þær skráningar sem hafa borist, fullnægjandi, og er frávíkinu því lokið.**

Eitt frávík var opið þegar eftirlitið fór fram:

1. Gr. 1.4 í fyrirmælum um frágang og vöktun. Frágangi átti að vera lokið 8. september 2020. Við eftirlit kom í ljós að frágangi urðunarstaðarins er ekki lokið. Eftir á að ganga frá gryfju neðst á urðunarstaðnum og fjarlægja annan úrgang sem þar er. Samþykkt úrbótaáætlun gerði ráð fyrir að frágangi á urðunarstaðnum yrði lokið eigi síðar en 15. maí 2022. Í eftirlitinu var nokkur úrgangur sýnilegur í eða á yfirborði. **Samkvæmt uppfærðri úrbótaáætlun verður farið í áframhaldandi úrbætur og eru áætluð verklok 15. maí 2023. Úrgangur, sem er laus á staðnum, verður fjarlægður og að lágmarki eins metra þykkt jarðvegslag sett yfir þá staði sem búið er að urða á til að hindra að fok verði og rusl komi í ljós í framtíðinni.**

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávíksins verða teknar út í næsta eftirliti.

Verði frávíkinu ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið. Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Freyr Ævarsson
sérfræðingur

Gunnhildur Sif Oddsdóttir
lögfræðingur